

Fyrsti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis árið 2013 var haldinn mánudaginn 21. janúar 2013 kl: 16:00 - 17:30 í fundarherbergi á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ.

Fundinn sátu: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Hugrún Þorgeirsdóttir, Magnús Dalberg, Haraldur Eyvinds Þrastarson, Leifur Guðjónsson, Árni Davíðsson og Þorsteinn Narfason og sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Nýr formaður Heilbrigðisnefndar

Herdís Sigurjónsdóttir hefur hætt störfum í heilbrigðisnefnd.

Rúnar Bragi Guðlaugsson tekur sæti Herdísar og verður nýr formaður heilbrigðisnefndar.

„Samþykkt.“

2. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla- og hollustuhátta.

a. Magnús Hafliðason sækir um nýtt starfsleyfi fyrir Pizza Pizza ehf, Dominos pizzugerð að Háholti 14 Mosfellsbæ.

„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga, enda verði innra eftirliti komið á.“

b. Gísli Ingason sækir um starfsleyfi vegna eigendaskipta fyrir Hróa hött ehf., pizzugerð að Þverholti 2 Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu 20. desember 2012 til 12 ára.

„Staðfest.“

Umsóknir um tímabundin starfsleyfi

c. Hilmar Konráðsson sækir um tímabundið starfsleyfi til að halda áramótabrennu vegna einkasamkvæmis í landi Helgafells. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu.

„Staðfest“

d. Mosfellsbær sækir um tímabundið starfsleyfi fyrir Áramóta- og þrettándabrennu. Áramótabrenna er staðsett í Ullarnesbrekkum og Þrettándabrenna neðan Holtahverfis við Leiruvog. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu.

„Staðfest“

e. Seltjarnarnesbær sækir um tímabundið starfsleyfi fyrir áramótabrennu á Valhúsahæð. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu.

„Staðfest“

3. Nefndarlaun heilbrigðisnefndar

Málið var á dagskrá síðasta fundar. Lögð voru fram ný gögn í málinu

„Heilbrigðisnefnd telur edlilegt að greiðslur til nefndarmanna verði samræmdar við greiðslur til aðalnefnda hjá Mosfellsbæ. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við forsvarsmenn sveitarfélaganna um launamál heilbrigðisnefndar þar sem ekki náðist að afla allra upplýsinga um málið fyrir gerð fjárhagsáætlunar.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

4. Afrit af bréfi Svönu Margrétar Davíðsdóttur til Innanríkisráðuneytis dagsett 29. nóvember 2012.

Í bréfinu kvartar Svana Margrét yfir málsmeðferð sveitarfélagsins Seltjarnarnesbæjar, vegna skorti á upplýsingagjöf og vanrækslu sveitarfélagsins á að bregðast við kröfum eftirlitsaðila um úrbætur á leikskólalóð á Seltjarnarnesi.

„Lagt fram.“

5. Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis dagsett 30. nóvember 2012 og 6. desember 2012 þar sem kynntar eru breytingar á lögum nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál.

„Lagt fram til kynningar, framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.“

6. Bréf Umhverfis og auðlindaráðuneytis dagsett 27. desember 2012 þar sem kynntar eru tvær breytingarreglugerðir á reglugerðum nr. 785/1999 um starfsleyfi og nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og lúta m.a. að frumkvæði stjórnvalda og upplýsingagjöf.

„Lagt fram til kynningar.“

7. Bréf samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dagsett 21. desember 2012

Í bréfinu er kynnt verklýsing fyrir endurskoðun á vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins.

„Heilbrigðisnefnd gerir ekki efnislegar athugasemdir við verklýsinguna.“

8. Verkferlar um hundaeftirlit

Heilbrigðiseftirlitið óskaði með bréfi dagsettu 26. október 2012 eftir umsögnum Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um fjóra verkferla um hundaftirlit.

Kynnt var að verkferlarnir voru teknir fyrir og samþykktir án breytinga á fundi umhverfisnefndar Seltjarnarnes þann 8.1 2013 og á fundi bæjarstjórnar Seltjarnarness þann 16. janúar.

Erindið var tekið fyrir á 1103 fundi bæjaráðs Mosfellsbæjar þann 19. 12 2012 Þar er starfsmönnum umhverfissviðs og heilbrigðiseftirlits falið að vinna sameiginlega tillögu að verkferlum og leggja fyrir bæjarráð. Boðað hefur verið til fundar um málið.

„Framkvæmdastjóra falið að ljúka málinu.“

9. Önnur mál

a. Lögð fram fundargerð 97. fundar Framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, sem haldinn var í fundarsal heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 7. janúar 2013.

b. Lögð fram ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

c. Bókun bæjarráðs Mosfellsbæjar frá 1102 fundi þann 13. desember 2012 var kynnt. Þar er óskað eftir að vinnu vinnuhópa umhverfissviðs og heilbrigðiseftirlits verði hraðað sem unnt er og að niðurstöður verði lagðar fyrir bæjarráð.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- d. Kynntar voru upplýsingar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins um útköll vegna mengunar árið 2012. Fram kom að tvö útköll voru vegna umferðarslysa á svæðinu árið 2012, eitt í Mosfellsbæ og eitt á Seltjarnarnesi.